

Íslandsbleikja ehf.
Jón Kjartan Jónsson
Glerárgötu 30
600 Akureyri

Reykjavík, 17. júlí 2014
Tilvísun: 201403019 / 5.1

**Efni: Breyting á eldi Íslandsbleikju, í Grindavík, 1600 í 3000 tonn. Ákvörðun
Skipulagsstofnunar**

Meðfylgjandi er ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu vegna Breyting á eldi Íslandsbleikju, í Grindavík, 1600 í 3000 tonn, skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.



Rut Kristinsdóttir

Fylgiskjöl: Afrit umsagna.

Afrit af ákvörðun fá (í tölvupósti): Grindavíkurkaupstaður; Fiskistofa, Matvælastofnun, Minjastofnun Íslands og Umhverfisstofnun

Breyting á eldi Íslandsbleikju ehf. í Grindavík. Stækkun á eldisrými og framleiðsluaukning úr 1.600 tonnum á ári í 3.000 tonn

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að stækkun á eldisrými Íslandsbleikju ehf. og aukning á framleiðslumagni úr 1.600 tonnum á ári í 3.000 tonn sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi og byggingaleyfi Grindavíkurbæjar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 722/2012 og skv. lögum um mannvirki nr. 160/2010, sbr. reglugerð um byggingarleyfi nr. 112/2012. Einnig rekstrarleyfi Fiskistofu skv. 7. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi og starfsleyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Áður en framkvæmdaleyfi og byggingaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir samþykkt breyting á deiliskipulagi. Vakin er athygli á ákvæðum skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 um skiplag við sjó.

Deiliskipulagið er háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Íslandsbleikja ehf. og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 19. ágúst 2014.

17. júlí 2014

INNGANGUR

Þann 20. mars 2014 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Íslandsbleikju ehf. um fyrirhugaða stækkun á eldisrými og framleiðsluaukningu samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og lið 1 g í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álíts Grindavíkurbæjar, Fiskistofu, Matvælastofnunar, Minjastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Grindavíkurbæ með bréfi dags. 31. mars 2014, Fiskistofu með bréfi dags. 8. mars apríl 2014, Matvælastofnun með bréfi dags. 27. mars 2014, Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 23. apríl 2014 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 10. apríl 2014. Svör frá framkvæmdaraðila bárust 3. júlí 2014.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fram kemur að Íslandsbleikja ehf. hyggst stækka eldisrými og auka framleiðslu í eldisstöð félagsins í Grindavík, úr 1.600 tonnum á ári í 3.000 tonn. Stefnt er að því að auka eldisrýmið úr 25.000 m³ í 66.000 m³ í þrem áföngum. Alls er gert ráð fyrir að bæta við 22 steiptum hringlaga kerum sem hvert um sig er 2.000 m³. Í fyrsta áfanga er gert ráð fyrir að byggja nýja fóðurstöð og breyta vatnsmiðlun á áframeldissvæðinu með því að steypa miðlægar rennur í stað núverandi vatnsmiðlunartanks. Í öðrum áfanga er gert ráð fyrir að steypa 12 ker vestan við núverandi eldisker. Í þriðja áfanga er gert ráð fyrir að steypa 10 eldisker niður við sjávarmál. Fram kemur að kerin verði innan lóðar Íslandsbleikju, sem sé á iðnaðarsvæði samkvæmt núgildandi aðalskipulagi.

Fram kemur að seiðaeldisstöðin á Stað, muni sjá eldinu fyrir meirihluta seiðanna sem þarf til eldisins og verði þeim dælt beint úr seiðastöðinni yfir í áframhaldandi eldi. Ef þörf er á fleiri seiðum en seiðaeldisstöðin á Stað getur annað, verði þau fengin frá öðrum seiðastöðvum og flutt með seiðaflutningabil í stöðina. Allur fiskur verði bólusettur fyrir flutning úr seiðastöðvum. Fram kemur að bleikjan sé alin upp í sláturstærð á 11-13 mánuðum og verði að þeim tíma liðnum flutt í tankbílum til Grindavíkur til slátrunar og vinnslu. Mestur lífmassi í stöðinni á hverjum tíma eftir stækkun verður 1500-1700 tonn og verði vatnspörf um 3750-4250 l/sek. Vatn sem þarf til eldisins verður dælt úr borholum og gjám á svæðinu, en um er að ræða ísalt vatn og sjó með mismunandi seltu og hita. Gert er ráð fyrir a.m.k. 50% endurnýtingu á vatni þannig að raun vatnspörf fyrir fulla framleiðslu verður um 2500-2700 l/sek.

Fram kemur að fóður verði fengið frá innlendri fóðurverksmiðju og sé gert ráð fyrir að það þurfi 1,2 kg fóðurs til að framleiða hvert kg af fiski. Fóðrun í kerin verði stjórnað af tölvustýrðum blásturskerfum. Gert sé ráð fyrir að heildarlosun úrgangsefna á föstu formi við framleiðslu á 3.000 tonnum á bleikju verði tæp 400 tonn.

Vatnsbúskapur. Fram kemur að bætt verði við fleiri borholum vegna framkvæmda í samráði við Orkustofnun en ekki sé gert ráð fyrir að aukin vatnstaka muni hafa afgerandi áhrif á grunnvatnsstöðu.

Gróður og dýralíf. Fram kemur að gróður á lóð Íslandsbleikju sé frekar rýr og fábreyttur og samanstandi að mestu af mosa og lynggróðri. Fuglalíf á svæðinu er talið rýrt, en líklegt að áhrif á varp verði staðbundin og tímabundin vegna truflunar á framkvæmdatíma. Ekki er talið að framkvæmdin muni hafa teljandi áhrif á lífríki fjörunnar neðan við eldisstöðina.

Aðrir laxfiskar. Fram kemur að hér sé um landeldi að ræða í steiptum kerum og allt frárennslisvatn stöðvarinnar fari í gegnum stálgrindur sem varna því að fiskur sleppi og því sé hætta á sleppingum nánast engin.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Fram kemur í umsögnum Grindavíkurbæjar, Fiskistofu, Matvælastofnunar, Minjastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Grindavíkurbæjar kemur fram að 3. áfangi eins og honum sé lýst í tilkynningunni verði utan skilgreinds iðnaðarsvæðis og á svæði á náttúruminjaskrá.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að eftir skoðun ganga, viðræðu við sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs Grindavíkur og samskipti við Umhverfisstofnun hafi komið í ljós að mörk svæðis á náttúruminjaskrá séu ekki nákvæmlega skilgreind en líklegast sé að mörk svæðisins fylgi lóðarmörkum Íslandsbleikju og fjörunni. Íslandsbleikja hafi tekið mið af þessu og gert breytingu á upphaflegum áformum um staðsetningu kera skv. 3. áfanga með því að hliðra þeim eins langt upp á land og hægt er án þess að breyta þurfi veginum á svæðinu. Bent er á að fjörusvæðið þar sem kerin verða reist sé þegar raskað.

Í umsögn Fiskistofu kemur fram að hverfandi líkur séu taldar á að lifandi fiskur muni sleppa út í umhverfið frá eldissvæðinu. Einnig er talið að áhættan á að sjúkdómur geti borist í villta fiska frá stöðinni sé hverfandi. Fiskistofa fellst á að viðtakinn sé síður viðkvæmur þar sem fráveitan rennur til sjávar ásvæði þar sem mikið hafrót er og sterkir hafstraumar og áratuga reynsla er af losun frá stöðinni.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða framleiðsluaukningu og stækkun eldistöðvar Íslandsbleikju ehf. í Grindavík. Gert er ráð fyrir að auka framleiðslu laxi og öðrum eldisfiski til mannelis úr 1.600 tonnum á ári í 3.000 tonn.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13 a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Skipulagsstofnun telur að helstu neikvæðu áhrif framkvæmdarinnar felist í því að meira magn næringarefna muni berast til sjávar miðað við núverandi starfsemi þar sem um er að ræða aukningu á framleiðslumagni. Stofnunin tekur hins vegar undir það mat Fiskistofu og Umhverfisstofnunar að þar sem fráveitan rennur beint í opið haf séu aðstæður með þeim hætti að styrkur næringarefna þynnast hratt út og lítil hætta á uppsöfnun næringarefna. Þá tekur stofnunin einnig undir það álit Fiskistofu að hætta á að sjúkdómar geti borist í villta stofna frá stöðinni séu hverfandi. Skipulagsstofnun telur að staðsetning kera skv. 3. áfanga komi til með að valda raski á fjörunni en að þessi áhrif verði ekki verulega neikvæð þar sem fjörunni hefur að hluta til verið raskað nú þegar.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Íslandsbleikju ehf. við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð eldisstöðvarinnar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að aukin framleiðsla laxi og öðrum eldisfiski til mannelis úr 1.600 tonnum á ári í 3.000 tonn í eldisstöð Íslandsbleikju ehf. við Grindavík sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningu hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 3. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð rekstrarleyfi Fiskistofu skv. 7. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi og starfsleyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. reglugerð nr. 214/2014 og lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Áður en framkvæmdaleyfi og byggingaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir samþykkt breyting á deiliskipulagi. Vakin er athygli á ákvæðum skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 um skiplag við sjó. Deiliskipulagið er háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlaða.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Íslandsbleikja ehf. og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 19. ágúst 2014.




Rut Kristinsdóttir



Jakob Gunnarsson

Skipulagsstofnun
Valur Klemensson
Laugavegur 166
150 Reykjavík



Minjastofnun
Íslands

Suðurgata 39, 101 Reykjavík
Sími: 570 1300, Bréfsími: 570 1301
www.minjastofnun.is

Reykjavík 22. apríl 2014
Fvr 2014040019 /KM

Efni: Stækkun fiskeldis Íslandsbleikju ehf. í Grindavík.

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið bréf Skipulagsstofnunar frá 21. mars s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.


Í skýrslu Íslandsbleikju ehf. kemur fram að ekki séu þekktar fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði vegna stækkunar fiskeldis sem fyrirtækið rekur nú þegar á staðnum. Árið 2002 kom út skýrsla Fornleifastofnunar Íslands ses, *Fornleifaskráning í Grindavík. 2. áfangi*. Þar er m.a. gerð grein fyrir skráningu fornleifa á jörðinni Stað en fiskeldið er innan landamerkja þeirrar jarðar. Á athafnasvæði fiskeldis Íslandsbleikju ehf. er skráð heimild um stekk (GK-028:018). Stekkjarhólar eru alveg við sjávarkambinn sunnan við vestustu mannvirki fiskeldisins. Engar tóftir fundust við Stekkjarhóla og er ekki ólíklegt að þær séu fyrir löngu komnar undir sjávarkambinn.

Minjastofnun Íslands telur að ofangreinda framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Bent skal á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar sem hljóðar svo: *Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands


Kristín Huld Sigurðardóttir
Forstöðumaður


Kristinn Magnússon
Verkefnastjóri



SKIPULAGSSTOFNUN

c/o Valur Klemensson
Laugavegi 166
105 Reykjavík


MÖL: 31. mars 2014
Málm.
201310006



Selfoss, 27. mars 2014

Tilvísun: Mast14030296

Tilv. Skipulagsstofnunar: 201403019 / 5.1

UMSÖGN

**Málefni: Aukið umfang á eldi bleikju hjá Íslandsbleikju ehf. á Stað við Grindavík
- matsskylda skv. lögum nr. 106/2000?**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar, dags. 21. mars sl., þar sem óskað er eftir álitni Matvælastofnunar á því hvort ákvarða beri fyrirhugaða stækkun í umfangi strandeldis á bleikju að Stað við Grindavík matsskylda, skv. 6. gr. laga nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 3. viðauka laganna. Áætlun félagsins er að auka umfang núgildandi rekstrarleyfis úr 1.600 í 3.000 tonna ársframleiðslu af sláturbleikju. Með erindinu fylgdi tilkynning og greinargerð Íslandsbleikju ehf. um framkvæmdina, dags. 18. mars 2014. Auk þess fylgdu afrit af bréfum frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu og Orkustofnun þar sem viðkomandi stofnanir lýsa yfir samþykki við fyrirhuguðum framkvæmdum á landareigninni.


Samherji hf. hefur um langt árabil stundað áframeldi í nafni Íslandsbleikju að Stað við Grindavík með áherslu á eldi bleikju til manneldis. Auk þess rekur móðurfyrirtækið samskonar eldi að Stóru-Vatnsleysu og seiðastöð að Öxnalæk í Ölfusi einnig í nafni Íslandsbleikju, Silfurstjörnuna í Öxarfirði og klak- og seiðastöðina Íslandslax hf. að Núpum í Ölfusi. Eldið hefur gengið vel í flesta staði og hyggst ný fyrirtækið auka við sig í framleiðslu sláturfisks á næstu misserum.

Þrátt fyrir aukið umfang er hér um vel skilgreint og afmarkað strandeldi að ræða sem tryggir góða stjórnun á öllu framleiðsluferlinu og út frá sjónarmiði fisksjúkdóma hefur undirritaður engar efnislegar athugasemdir fram að færa. Ákveðnar forvarnir og varúðarráðstafanir verða í heiðri hafðar sem leitast við að tryggja heilbrigði eldisfisks og skaðleysi gagnvart nánasta umhverfi. Seiði til áframeldis munu áfram koma frá eigin klak- og seiðastöðvum að Núpum og Öxnalæk og einungis undan foreldrum sem hafa verið ítrekað rannsakaðir m.t.t. þeirra sjúkdómsvalda sem ógnað gætu slíkri starfsemi.

Í ljósi ofanritaðs er niðurstaðan sú að ekki er talin þörf á að ofangreind framkvæmd fari í sérskilt umhverfismat, þ.e.a.s. um þá þætti sem snúa að sjúkdómum. Hér vega þyngst þau rök að strandeldi Íslandsbleikju ehf. hefur ekki neikvæð áhrif á heilbrigði og viðgang þeirra villtu fiskistofna sem fyrir eru í nálægu vistkerfi.

Virðingarfyllt;






Gísli Jónsson

Skipulagsstofnun
B.t. Vals Klemenssonar
Laugavegi 166
IS-150 Reykjavík



F I S K I S T O F A

Dalshrauni 1 220 Hafnarfirði
S: 569 7900 F: 569 7990
fiskistofa@fiskistofa.is
www.fiskistofa.is



Hafnarfjörður, 26.03.2014

Tilv. 0344/2010 - 20.70 Fiskeldi, fiskirækt

Efni: Umsögn um tilkynningu til Skipulagsstofnunar um stækkun Íslandsbleikju ehf, Stað, í 3000 tonna ársframleiðslu af eldisfiski

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar, dags. 21. mars 2014, þar sem óskað er eftir umsögn Fiskistofu vegna tilkynningar frá Íslandsbleikju ehf, um fyrirhugaða aukningu á eldi á laxi og öðrum eldisfiski þar sem hámarks ársframleiðsla verði allt að 3000 tonn. Í greinagerð með tilkynningunni koma áætlanir félagsins skýrt fram og byggist umsögn þessi ma. á henni.


Félagið er með rekstrarleyfi til 1. desember 2019 til að framleiða 1.600 tonn af laxi og öðrum eldisfiski. Samkvæmt eftirlitsskýrslu frá lögbundnu eftirliti Fiskistofu í júlí 2013 er eingöngu framleidd bleikja í eldisstöð Íslandsbleikju að Stað og samkvæmt greinagerðinni eru áform um að auka framleiðslu á eingöngu bleikju upp í allt að 3000 tonnum á ári. Félagið hefur eftir sem áður leyfi til að framleiða lax.

Með því að beita fyrirbyggjandi hönnunarúrlausnum við hönnun strandeldis af þessu tagi er hægt að hafa áhrif á þá þætti sem taldir eru áhættu þættir í fiskeldi.

Í greinagerðinni kemur fram áhersla á að fyrirbyggja hættu á að lifandi fiskur geti sloppið út í umhverfið með því að koma fyrir auka rist í endanlegu frárennsli frá stöðinni þannig að það verði hverfandi möguleiki á að lifandi fiskur komist til sjávar þó svo að hann komist niður í niðurfallið fram hjá rist í keru. Ekki er gert ráð fyrir að nokkur lifandi fiskur verði fluttur frá stöðinni nema til slátrunar, tiltöllega stutta landleið til Grindavíkur. Miðað við þessar forsendur má telja hverfandi líkur á að lifandi fiskur muni sleppa út í umhverfið frá Íslandsbleikju á Stað.

Sömuleiðis má lágmarka áhættu á sjúkdómum með því að loka smitleiðum með fyrirbyggjandi hönnunarúrlausnum. T.d. þannig að ef kemur upp sjúkdómur í einni eldiseiningu smiti ekki yfir í aðra. Samkvæmt greinagerðinni verða bleikjuseiðin bólusett áður en þau fara á útisvæði. Heilbrigðisástand í stöðinni hefur verið gott síðastliðin ár og heilbrigðisástand í íslensku fiskeldi virðist vera gott samkvæmt árlegum skýrslum við reglubundið eftirlit Fiskistofu. Telja má áhættuna á að sjúkdómur geti borist í villta fiska frá stöðinni hverfandi. Samkvæmt nýrri skýrslu Hafrannsóknastofnunar Noregs (Resikovurdering, norsk fiskeoppdrett 2013) er lítið vitað um hvernig og í hvaða mæli smit hafi og geti borist frá eldi í villtan fisk en almennt er talið að áhættan sé fremur lítil ef laxalúsasmit er undanskilið. Laxalúsasmit er ekki vandamál í strandeldisstöð að þessu tagi

Skipulagsstofnun
Valur Klemensson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 8. apríl 2014
Tilvísun: UST20140300272/bs

Fiskeldi Íslandsbleikju ehf. í Grindavík - fyrirhuguð breyting á fiskeldi, eldisrými verður stækkað og framleiðslumagn aukið úr 1600 í 3000 tonn - umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 21. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Ráðgert er að stækka núverandi eldi í þremur áföngum úr 1600 tonna ársframleiðslu í 3000 tonna ársframleiðslu. Bætt verður við alls 22 steiptum hringlaga kerjum. Þessar framkvæmdir gera kleift að endurnýta hluta af eldisvatninu, en markmið framkvæmdaraðila er að nýta vatn í stöðinni sem allra best bæði varma og magn.

Ráðgert er að hreinsun kerja fari eingöngu fram með háþrýstipvotti.

Framkvæmdaraðili stefnir að því að vera áfram með sjálfbæra, vistvæna „all natural“ framleiðslu þar sem engin lyf eða efni eru notuð við eldið. Ráðgert er að stækka stöðina í þremur áföngum. Heildarlosun lífrænna úrgangsefna á föstu formi við framleiðslu á 3000 tonnum af bleikju yrði tæp 400 tonn (342 tonn af kolefni, 39 tonn af köfnunarefni og 18 tonn af fosfór).

Landfræðilegar aðstæður á Stað eru þannig að þar er mikil ölduhæð og sterkir straumar sem tryggja hraða endurnýjun vatns og því telur framkvæmdaaðili hverfandi hættu á uppsöfnun næringarefna við útrás eldisins.

Hér er um viðbót við núverandi starfsemi á iðnaðarlóð að ræða.

Vatnstaka verður í samráði við Orkustofnun. Ekki er gert ráð fyrir að aukin vatnstaka hafi afgerandi áhrif á grunnvatnsstöðu.

Fram kemur í greinargerð að Íslandsbleikja er með virka vöktunaráætlun sem er í samræmi við kröfur í gildandi starfsleyfi og bandarískra kaupenda af bleikju, en þær kröfur eru strangari en kröfur Umhverfisstofnunar.


Niðurstaða: Hér er um að ræða viðbót við starfsemi sem þegar er til staðar. Framkvæmdir verða eingöngu innan núverandi iðnaðarlóðar. Vatnstaka eykst, en jafnframt endurnýting vatns. Losun eykst í hlutfalli við aukningu framleiðslu, en mikil ölduhæð og sterkir straumar við ströndina tryggja hraða endurnýjun og telur framkvæmdaraðili litla hættu á uppsöfnun næringarefna vegna losunar frá fiskeldinu. Fram kemur í eftirlitsskýrslu Umhverfisstofnunar sem aðgengileg er á heimasíðu stofnunarinnar að ekki komu fram frávik frá starfsleyfi í eftirliti stofnunarinnar með starfsemi Íslandsbleikju árið 2013.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd breyting og stækkun á fiskeldi Íslandsbleikju í Grindavík muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Umhverfisstofnun bendir á að sækja verður um nýtt starfsleyfi til stofnunarinnar vegna framleiðsluaukningarinnar.

Virðingarfyllt


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri


Björn Stefánsson
sérfræðingur